

## ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 1151/2003/EB

frá 16. júní 2003

**um breytingu á ákvörðun nr. 276/1999/EB um að leggja fram EB-aðgerðaáætlun til margra ára til að stuðla að öruggari notkun Netsins með því að berjast gegn ólöglegu og skaðlegu efni í hnattrænum netkerfum**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFI,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
2. mgr. 153. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar  
Evrópubandalaganna <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í  
251. gr. sáttmálans <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun nr. 276/1999/EB <sup>(5)</sup> var samþykkt til fjögurra ára.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við 4. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 276/1999/EB, lagt fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og svæðanefndina matsskýrslu um þann árangur sem náðist við tveggja ára framkvæmd aðgerðalína sem eru settar fram í I. viðauka við þá ákvörðun.
- 3) Niðurstöður matsins voru hluti af grunngögnum málstofu um öruggari notkun nýju nettækninnar þar sem helstu sérfræðingar á þessu sviði rannsökuðu líklega framtíðarþróun þeirra málefna, sem fjallað er um í aðgerðaáætluninni og kveðið á um í ákvörðun nr. 276/1999/EB (hér á eftir nefnd aðgerðaáætlunin), og lögðu þeir tillögur sínar fyrir framkvæmdastjórnina.

4) Ný nettækni, nýir notendur og ný notkunarmynstur skapa nýjar hættur og auka á þær hættur sem fyrir eru jafnframt því að skapa aragrúa nýrra tækifæra.

5) Augljós þörf er á samhæfingu í því skyni að gera Netið öruggara, bæði á innlendum og evrópskum vettvangi. Miða skal að verulegri dreifstýringu með því að nota netkerfi með innlendum tengistöðvum. Hvetja skal til þátttöku allra hlutaðeigandi aðila, einkum fleiri gagnaveitna á ýmsum sviðum. Framkvæmdastjórnin skal liðka fyrir og stuðla að evrópskri og hnattrænni samvinnu. Auka skal samvinnu Bandalagsins og umsóknarlanda og inngöngulanda.

6) Meiri tíma þarf til að framkvæma aðgerðir sem miða að eflingu netsamstarfs, ná markmiði aðgerðaáætlunarinnar og taka mið af nýju nettækninni.

7) Fjárlagarammanum, sem er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við gerð árlegra fjárlaga, skal breytt til samræmis við það.

8) Framkvæmdastjórninni skal gert að leggja fram aðra skýrslu um niðurstöðurnar, sem fást við framkvæmd aðgerðalínanna, eftir fjögur ár og lokaskýrslu í lok aðgerðaáætlunarinnar.

9) Breyta skal skrá yfir umsóknarlönd og inngöngulönd, sem geta tekið þátt í aðgerðaáætlunni, þannig að hún taki til Möltu og Tyrklands.

10) Lengja skal aðgerðaáætlunina um tvö ár og líta skal á það tímabil sem annan áfanga. Gera skal sérstakar ráðstafanir vegna annars áfanga með því að breyta aðgerðalínunum þannig að mið sé tekið af reynslu og niðurstöðum matsskýrslunnar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 203 E, 27.8.2002, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 61, 14.3.2003, bls. 32.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 73, 26.3.2003, bls. 34.

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 11. mars 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 26. maí 2003.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 33, 6.2.1999, bls. 1.

11) Breyta ber ákvörðun 1999/276/EB til samræmis við það.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

## I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 276/1999/EB:

## 1. Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar:

„Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 276/1999/EB frá 25. janúar 1999 um að leggja fram EB-aðgerðaáætlun til margra ára til að stuðla að öruggari notkun Netsins og nýrrar nettækni með því að berjast gegn ólöglegu og skaðlegu efni í hnattrænum netkerfum, einkum að því er varðar vernd ólöggráða barna og ungmenna.“

## 2. Í stað 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðgerðaáætlunin skal standa yfir í sex ár frá 1. janúar 1999 til 31. desember 2004.“

## 3. Í stað 3. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„3. Fjárhagsrammi fyrir framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar á tímabilinu frá 1. janúar 1999 til 31. desember 2004 verður hér með 38,3 milljónir evra.

Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

Í II. viðauka er að finna leiðbeinandi sundurliðun útgjalda.“

## 4. Í stað fyrstu undirgreinar 3. gr. komi eftirfarandi:

„—efla sjálfseftirlit innan atvinnugreinarinnar og leiðir til að hafa eftirlit með efni (t.d. í efni á borð við barnaklám, efni sem er líklegt til að leiða til líkamlegs eða andlegs tjóns eða efni sem elur á hatri með tilliti til kynþáttar, kyns, trúarbragða, þjóðernis eða þjóðlegs uppruna),“

## 5. Í stað 4. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„4. Eftir tvö ár, eftir fjögur ár og þegar aðgerðaáætluninni er lokið skal framkvæmdastjórnin skila matsskýrslu um þann árangur sem hefur náðst við framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar til Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna og svæðanefndarinnar þegar nefndin, sem um getur í 5. gr., hefur skoðað hana.

Framkvæmdastjórnin getur á grundvelli þessara niðurstaðna lagt fram tillögur sem miða að því að aðlaga stefnumörkun aðgerðaáætlunarinnar.“

## 6. Í stað 1. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„1. EFTA-ríkjum, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), er frjálst að taka þátt í þessari aðgerðaáætlun í samræmi við ákvæði EES-samningsins.“

## 7. Í stað 2. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„2. Umsóknarlöndum og inngöngulöndum skal vera frjálst að taka þátt í aðgerðaáætluninni á eftirfarandi forsendum:

a) löndum í Mið- og Austur-Evrópu (CEEC-löndunum) í samræmi við skilyrðin í Evrópu-samningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða,

b) Kýpur, Möltu og Tyrklandi í samræmi við tvíhliða samninga sem verða gerðir.“

## 8. Texta I. viðauka skal breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa ákvörðun.

## 9. Í stað II. viðauka komi texti II. viðauka við þessa ákvörðun.

## 2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 16. júní 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. PAPANDREOU

forseti.

## I. VIÐAUKI

Texta I. viðauka við ákvörðun nr. 276/1999/EB er breytt sem hér segir:

1. í stað fjórða undirliðar annars liðar undir fyrirsögninni „Aðgerðalínur“ komi eftirfarandi:

„- að hlúa að samstarfi og miðlun reynslu og bestu starfsvenja á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi, einkum meðal umsóknarlanda og inngöngulanda,“

2. undir fyrirsögninni „Aðgerðalínur“ bætist eftirfarandi við sem þriðji og fjórði undirliður:

„Á eftir upphafsáfanganum á tímabilinu 1. janúar 1999 – 31. desember 2002 verður skipulagður annar áfangi á tímabilinu 1. janúar 2003 – 31. desember 2004. Hann verður byggður á vinnu við að ná markmiðunum, sem eru sett fram í aðgerðalínunum fjórum í upphafsáfanganum, ásamt nauðsynlegri aðlögun þar sem tekið er tillit til fenginnar reynslu, áhrifa og samleitni nýrrar tækni, jafnframt því sem samhengi við aðrar áætlanir Bandalagsins er tryggt. Þetta á einkum við um eftirfarandi:

- i) Öryggi í notkun verður eftt, fyrst og fremst í þeim tilgangi að auka vernd ólöggráða barna og ungmenna, þannig að það nái til nýrrar nettækni, þ.m.t. farsíma- og breiðbandsefni, netleikir, sendingar á tölvuskram á jafningjaneti (peer-to-peer), textaskilaboð (SMS), skilaboð með texta, tákmyndum og hljóði (EMS) ásamt hvers kyns rauntímabodskiptum, svo sem spjallrásir og snarboð (instant messages).
- ii) Efldar verða aðgerðir sem miða fyrst og fremst að því að vernda ólöggráða börn og ungmenni og ná yfir ólöglegt og skaðlegt efni og ugðvekjandi hegðun, einkum glæpi gegn börnum á borð við barnaklám og mansal barna, og kynþáttahatur og ofbeldi.
- iii) Hvatt verður til virkari aðildar gagnaveitu- og fjölmiðlaiðnaðarins og samstarf við aðila á þessu sviði, sem njóta stuðnings stjórnvalda, verður aukið.
- iv) Þátttakendur í verkefninu verða hvattir til aukins netsamstarfs á ýmsum aðgerðalínum, einkum að því er varðar þjónustulínur, efnismat, sjálfsefirlit og aukna vitund almennings.
- v) Gerðar verða ráðstafanir til að tengja umsóknarlönd og inngöngulönd þeirri starfsemi sem fer fram, miðla reynslu og þekkingu og auka tengsl og hvetja til samstarfs um svipaða starfsemi í þriðju löndum, einkum löndum þar sem ólöglegt efni er hýst eða framleitt, og við alþjóðleg samtök.“

3. eftirfarandi bætist við sem sjötti undirliður í lið 1.1:

„Í öðrum áfanga verður markmiðið að ljúka netvæðingunni í aðildarríkjunum og auka enn frekar skilvirkni í rekstri netkerfisins, að starfa í náinni samvinnu um aðgerðir til að auka vitund almennings um öruggara Net, einkum í því skyni að efla vitund almennings um þjónustulínur, að veita umsóknarlöndum og inngöngulöndum, sem óska eftir að setja upp þjónustulínur, skilvirka aðstoð, að taka upp viðmiðunarreglur um bestu starfsvenjur við nýja tækni og að efla tengslin við þjónustulínur utan Evrópu.“

4. eftirfarandi bætist við sem fjórði undirliður í lið 1.2:

„Í öðrum áfanga verða veitt frekari ráð og aðstoð í því skyni að tryggja samvinnu á vettvangi Bandalagsins með frekara netsamstarfi viðeigandi stofnana innan aðildarríkjanna og kerfisbundinni endurskoðun og skýrslugerð um viðkomandi lagaleg og stjórnsýsluleg málefni, að aðstoða við þróun sambærilegrar aðferðafræði um sjálfsefirlit, að aðstoða við að koma á starfsvenjum í sjálfsefirliti með nýrri tækni með því að veita upplýsingar um viðeigandi þróun slíkrar tækni og hvernig henni er beitt, að veita umsóknarlöndum og inngöngulöndum skilvirka aðstoð óski þau eftir að setja upp sjálfsefirlitsstofnanir og að efla tengslin við sjálfsefirlitsstofnanir utan Evrópu. Enn fremur verður veittur frekari stuðningur til að hvetja til gæðamerkinga á vefsetrum.“

5. eftirfarandi bætist við sem sjöundi og áttundi undirliður í lið 2.1:

„Í öðrum áfanga verður sérstök áhersla lögð á setningu viðmiðana fyrir síunarhugbúnað og -þjónustu (einkum vinnslugetu, notagildi, viðnám gegn tölvuinnbrotum, hvort það hæfi evrópskum markaði og stafrænt efni á nýju formi). Haldið verður áfram með aðstoð við þróun síunartækni samkvæmt rannsóknaráætlun Bandalagsins. Framkvæmdastjórnin mun tryggja náið samband við starfsemi sem tengist síun samkvæmt aðgerðaáætluninni.“

Í öðrum áfanga verður stuðlað að því að gagnaveitur taki upp sjálfsmat og upplýsingagjöf til notenda um evrópskan síunarhugbúnað og -þjónustu.“

6. eftirfarandi bætist við sem þriðji undirliður í lið 2.2:

„Í öðrum áfanga verður stuðlað að tengslum atvinnugreinarinnar og hlutaðeigandi aðila, eins og gagnaveitna, eftirlitsstofnana og sjálfsefirlitsstofnana, aðila sem meta hugbúnað og Netið og neytendasamtaka, í því skyni að efla hagstæð skilyrði fyrir þróun og innleiðingu matskerfa sem auðvelt er fyrir gagnaveitur og neytendur að skilja og nota, og veita evrópskum foreldrum og kennurum nauðsynlegar upplýsingar til að taka ákvarðanir sem eru í samræmi við menningarleg og málfarsleg gildi þeirra og taka mið af samleitni fjarskipta, hljóð- og myndmiðla og upplýsingatækni.“

7. eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 3.2:

a) í stað fjórða undirliðar komi eftirfarandi:

„Markmiðið með stuðningi Bandalagsins er að veita ríkisfé til sjálfbærrar eflingar viðtækra aðgerða sem miða að því að vekja almenning til vitundar og kveða á um allhliða samhæfingu og miðlun reynslu svo að hægt verði að draga lærdóm af árangri aðgerðarinnar á langtímagrundvelli (t.d. með því að aðlaga efni sem dreift er). Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að gera ráðstafanir sem hvetja til hagkvæmra leiða við dreifingu til mjög margra notenda, einkum með því að nýta kynningarfyrtæki og rafrænar miðlunarrásir til að ná til fyrirhugaðra markhópa.“

b) eftirfarandi bætist við sem fimmti undirliður:

„Í öðrum áfanga verður veittur stuðningur við miðlun á bestu starfsvenjum við fræðslu um nýja miðla á samevrópsku netkerfi til að efla vitund almennings um öruggari notkun Netsins og nýja nettækni sem styðst við:

— yfirgripsmikið fjölþjóðlegt gagnasafn (vefgátt) með viðeigandi upplýsingum og efni sem stuðlar að aukinni almenningsvitund og rannsóknum,

— hagnýtar rannsóknir á fræðslu í fjölmiðlum þar sem allir hagsmunaaðilar (t.d. fræðsluþjónustur, opinberar stofnanir og frjáls félagasamtök um velferð barna, samtök foreldra, atvinnugreinin, löggæsluþjónustur) sem láta sig varða notkun barna á nýrri tækni til að finna kennslufræðilegar og tæknilegar aðferðir til að vernda þau gegn skaða.

Netkerfið veitir einnig tæknilega aðstoð þeim umsóknarlöndum og inngöngulöndum sem óska eftir að hefja aðgerðir til að efla vitund almennings og auka samstarf við lönd utan Evrópu um aðgerðir til að skerpa almenningsvitund.“

8. eftirfarandi komi í stað annars, þriðja og fjórða undirliðar í lið 4.2:

„Framkvæmdastjórnin mun því iðulega standa fyrir málstofum og umræðuhópum þar sem fjallað er um ýmis þemu sem aðgerðaáætlunin tekur til eða samsetningu af slíkum þemum. Meðal þátttakenda skulu vera fulltrúar fyrir atvinnugreinina, samtök notenda, neytenda, borgaralegra réttinda og opinberra stofnana, sem tengjast framkvæmd laga og reglna innan atvinnugreinarinnar, ásamt helstu sérfræðingum og rannsóknarfólki. Framkvæmdastjórnin mun leitast við að tryggja viðtæka þátttöku EES-landa, þriðju landa og alþjóðlegra stofnana.“

## II. VIÐAUKI

### LEIÐBEINANDI SUNDURLIÐUN ÚTGJALDA

1. Öruggeri umgjörð	20-26 %
2. Síunar- og flokkunarkerfi	20-26 %
3. Aðgerðir til vitundarvakningar	42-46 %
4. Stuðningsaðgerðir	3-5 %
	Samtals: 100 %